

Sp.

206. Tillaga til þingsályktunar

[183. mál]

um langtímaáætlun í samgöngumálum.

Flm.: Benedikt Bogason, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson,
Hreggviður Jónsson, Ingi Björn Albertsson,
Júlíus Sólnes, Óli P. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd sérfræðinga til að gera tillögur um áætlun í samgöngumálum fyrir landið allt og gera rökstudda spá um framvindu einstakra þátta til ársins 2010.

Nefndin skal einkum taka til meðferðar eftirfarandi þætti:

1. Vegagerð, flugvallargerð og hafnargerð.
2. Farþega- og vöruflutninga til og frá landinu og innan lands.
3. Flutninga- og umferðamiðstöðvar.
4. Skipakost, flugvélakost og bifreiðaeign.
5. Innbyrðis samspil og áhrif allra þátta.
6. Fjárfestingar og rekstur hjá ríki og sveitarfélögum. Tekjustofna, markaða tekjustofna.
7. Skilyrði til einkarekstrar, svo sem verðlagningu, skatta og skyldur og möguleika til aðlögunar að tækniframförum.

Nefndin skili áfangaskýrslu í nóvember 1988 og lokaskýrslu í október 1989.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þróað velferðaríki er algjörlega háð því að allar samgöngur séu greiðar. Hvort sem um er að ræða þéttbýli eða dreifbýli eru það gæði farvega og tækja í samgöngum sem skera úr um það hversu stór svæði geta boðið upp á dagleg samskipti og stuðlað að bættri afkomu og betra mannlífi. Samtenging slíkra heimamarkaðssvæða með tilliti til öryggis, hraða og hagkvæmni sker svo úr um hæfni á þjóðhagslegum grundvelli, auk jafnra möguleika allra til samfélagsþjónustu og menningarlegra og félagslegra samskipta. Það er engu að síður mikilvægt að samgöngur landa í milli séu greiðar, tíðar og reknar á sem hagkvæmastan hátt, sérstaklega á síðustu árum eftir að möguleikar hafa opnast fyrir því að öll jörðin verði eitt markaðssvæði.

Ný og æ fullkomnari og hagkvæmari flutningatæki haldast í hendur við framfarir í fjarskiptum, tölvutækni og upplýsingaflæði, auk þess sem nú er verslað með hugvit og oft staðlaða einingarhluti í stað fullunninnar vöru áður. Hráefni er flutt frá fjarlægustu stöðum og ferðamannastraumar liggja heimsálfa á milli.

Hér á landi hefur þróunin í samgöngum bæði innan lands og við útlönd verið mjög hröð á síðustu árum. Hinir einstöku þættir hafa þróast sjálfstætt án þess að um verulega samræmingu hafi verið að ræða. Stundum hafa orðið árekstrar milli ólíkra greina svo sem landflutninga og sjóflutninga og blandast ríkisafskipti inn í það dæmi.

Fyrir um aldarfjórðungi var fyrst farið að gera athuganir og áætlanir í samgöngumálum á vegum Efnahagsstofnunar og Framkvæmdabanka Íslands. Þá gerði Framkvæmdastofnun ríkisins samgönguáætlanir í landshlutunum á 8. áratugnum og á síðustu árum hefur samgönguráðuneytið látið gera slíkar áætlanir en þær hafa flestar fremur verið gagnasöfnun og skammtímaáætlanir en heildarstefna. Margar fleiri áætlanir hafa verið gerðar varðandi ýmsar greinar samgöngumála, svo sem í ferðamálum og staðbundnum verkefnum.

Vegagerð ríkisins hefur unnið eftir fjögurra ára áætlunum síðan 1983 og á 109. löggjafarþingi (1986–1987) var lögð fram 12 ára áætlun sem ekki hefur verið formlega samþykkt ennþá. Hins vegar var 10 ára flugvallaráætlun samþykkt. Þá var lögð fram

fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir (1987–1990) sem unnið er eftir að hluta þótt hún hafi ekki formlega verið samþykkt á Alþingi. Mun hún nú í endurvinnslu og verður væntanlega lögð fram á þingi eftir áramót.

Ný tækni hefur rutt sér til rúms í vöruflutningum á sjó með gá mavæðingunni og hefur allt það fyrirkomulag tekið stakkaskiptum. Áhyggjuefni er fjölgun erlendra leiguskipa með erlendum áhöfnum hjá íslensku skipafélögunum. Rannsaka þarf sérstaklega orsakir þessa og finna ráð til að stöðva þá óheillaþróun.

Fast form er komið á landflutninga með vörubílum og má búast við vaxandi hlutdeild þeirra í flutningum með betri vegum. Þeir flytja fremur pakkavörur en skipin þungavörur þar sem um samkeppni er að ræða.

Fyrir liggur að flugfélögin endurnýi flugvélaflota sinn innan tíðar og er nauðsynlegt að hið opinbera skapi aðstæður í samræmi við þörf flugsamgangna á hverjum tíma, jafnt hvað varðar rekstrargrundvöll, gerð og búnað flugvalla.

Fyrir 110. löggjafarþingi liggja núna gagnmerkar tillögur í samgöngumálum, þingsályktunartillaga á þskj. 95, um jarðgangaáætlun, þingsályktunartillaga á þskj. 138, um samræmingu áætlana á sviði samgöngumála og mannvirkjagerðar, þingsályktunartillaga á þskj. 157, um gerð framkvæmdaáætlunar um þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu og þingsályktunartillaga á þskj. 179, um nýja legu Vesturlandsvegur um Hvalfjörð og Grunnafjörð. Þessar þingsályktunartillögur og fleiri frá fyrri árum ættu tvímælalaust að fá umfjöllun í starfi þeirrar nefndar sem þessi tillaga fjallar um.

Eftir mikinn hagvöxt undanfarin ár spáir Þjóðhagsstofnun nú litlum hagvexti á næsta ári. Orsakirnar virðast helst óstjórn efnahagsmála, eins og sakir standa, en gera má að því skóna að hagvöxtur á næstu árum verði góður, talsvert meiri en gert er ráð fyrir í langtímaáætlun í vegagerð (2,5% á ári) miðað við að stjórn efnahagsmála verði bætt.

Ávinningurinn af mikilli stofnfjárfestingu síðustu 15 ára m.a. í útgerð og fiskvinnslu, virkjunum og línulögnum, hitaveitum og ýmsum vélum og tækjum ætti að skila aukningu í þjóðarframleiðslu á næstu árum þannig að svigrúm verður til aukinnar fjárfestingar í samgöngumálum.

Svo er að sjá sem þáttaskil verði í þróun samgangna í landinu á næstu árum. Grunngerð helstu samgöngukerfa verður lokið á næstu 5–10 árum, þ.e. allir staðir á landinu verða komnir í sæmilegt samgöngusamband á sjó, landi og lofti. Þá hefst nýtt þróunarskeið, sem gefur möguleika á stórauðinni hagkvæmni, styttingu leiða og samræmingu milli mismunandi kerfa. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og því er tillaga þessi flutt.